

Reykjavík 11. október 2019



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð  
Hjalmar Sveinsson, formaður

Skátasamband Reykjavíkur og aðildarfélag þeirra hafa notið góðs af þjónustusamning við Reykjavíkurborg og er stefnan að efla skátastarf í Reykjavík enn frekar.

Í byrjun þessa árs var unnið vandlega að stefnumótun SSR í samvinnu við fulltrúa allra skátafélaga í Reykjavík. Niðurstaða þeirra vinnu var framtíðarsýn Skátasambands Reykjavíkur til ársins 2024, sett fram í fimm megin markmiðum. Framtíðarsýnin mun leiða starf stjórnar SSR næstu fimm árin en til að ná megin markmiðum fylgja þeim fjölmörg verkefni sem eru mælanleg og fer fram reglulegt endurmat á stöðu verkefna.

Við gerð framtíðasýnar var stuðst við niðurstöður úr tveimur könnunum sem framkvæmd var síðasta vetur, annars vegar könnun fyrir foreldra skátanna og hins vegar könnun fyrir sveitarforingum í skátafélögunum. Niðurstöður beggja kannana sýna í meginráttum að skátastarf í Reykjavík er á réttri leið og eru 80% foreldra mjög ánægð með skátastarfið.

Helsta lyftistöng og framfaraspur skátastarfs í Reykjavík er að hafa starfsmann á vegum Skátasambands Reykjavíkur sem aðstoðar og leiðbeinir skátaforingjum í sínu starfi hjá skátafélögunum. En betur má ef duga skal og markmiðið er að hvert skátafélag hafi á að skipa faglegum starfsmanni (framkvæmdarstjóra) sem heldur utan um starfið innan skátafélagsins og er í samskiptum við ýmsa aðila utan skátafélagsins.

Til að skátastarf í Reykjavík geti farið fram með sóma þarf húsnæði. Eitt skátafélaganna í Reykjavík, Segull, er búið að vera í vanda statt til fjölda ára en meðfylgjandi bréf lýsir nánar stöðu þess. Áriðandi er að finna húsnæðislausn til framtíðar fyrir skátafélagið Segull í samstarfi við fulltrúa Menningar- íþrótt- og tómstundaráðs. Skátafélagið Segull verður 40 ára árið 2022 og ánægjulegt ef hægt væri að halda afmæli skátafélagsins í nýju skátaheimili.

Þjónustusamningur milli Skátasambands Reykjavíkur og Reykjavíkurborg gildir til loka þessa árs. Skátasamband Reykjavíkur óskar eftir viðræðum við fulltrúa Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur um áframhaldandi þjónustusamning til þriggja ára með framtíðarsýn Skátasambands Reykjavíkur að leiðarljósi og framtíðarlausn á húsnæði fyrir skátafélagið Segull.

*Með skátakveðju,*

Benedikt Þorgilsson, formaður Skátasambands Reykjavíkur

Hjálagtt:

Framtíðarsýn Skátasambands Reykjavíkur 2019-2024  
Bréf til ÍTR þann 15.02 2017, Efni: Skátafélagið Segull í Breiðholti

Reykjavík 15.02.2017

Pórgnýr Thoroddsen ÍTR  
Ómar Einarsson ÍTR



Efni: Skátafélagið Segull í Breiðholti, skátaheimili.

Stjórn Skátasambands Reykjavíkur og Skátafélagsins Seguls óskar hér með eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um aðkomu að endurbættri aðstöðu skátafélagsins Seguls í Breiðholti.

Skátafélagið Segull sem fagnar 35 ára afmæli í ár hefur frá upphafi átt undir högg að sækja í húsnæðismálum sínum og haft starfsemi sína í erfiðu og óheppilegu húsnæði. Í upphafi starfaði félagið í aðstöðu við Ölduselsskóla en frá árinu 1988 í núverandi húsnæði að Tindaseli 3 sem félagið keypti með aðstoð Reykjavíkurborgar. Þótt Tindaselið hafi á sínum tíma leyst bráðavanda starfseminnar, var það fyrirséð og viðurkennt af aðilum að þar yrði aldrei frambúðarlausn félagsins. Húsnæði sjálft er engan vegin ásættanlegt fyrir æskulýsstarf og umhverfið í kring mjög óaðlaðandi og óhentugt. Í skýrslu um húsnæðismál skátaheimila sem gerð var 2012 og send til ÍTR er nánar greint frá því hversu illa húsnæðið hentar skátastarfsemi, en mikilvægt er í þessu sambandi gera sér grein fyrir sérþörfum skátaheimila, útisvæða þeirra og legu. Í Tindaselinu hefur viðhald reynst þungt og hefur viðhaldsfjármunum sem fengist hafa frá Reykjavíkurborg s.l. ár m.a. verið varið í að skipta um gólfefni og gera húsnæðið þokkalegt fyrir starfsemi sína. Slíkum fjármunum hefði betur verið varið í að koma félaginu í varanlegt húsnæði.

Skátafélagið ásamt stjórn Skátasambandsins og hverfismiðstöð Reykjavíkurborgar hafa á undanförunum árum kastað hugmyndum á milli sín en aldrei hefur verið farið að fullri alvöru í verkefnið og leitað varanlegra lausna. Það er eindregin skoðun okkar að brýn þörf skátastarfs í hverfinu kalli á lausnir nú sem allra fyrst. Þessvegna er óskað eftir þessum fundi með ÍTR þar sem lausn á húsnæðismálum Seguls væru til umræðu.

Að lokum er á það bent að þegar samningur var gerður árið 2002 milli SSR og Reykjavíkurborgar vegna byggingar á skátamiðstöð í Árbænum var ákvæði í samningnum að SSR færi ekki fram á frekari styrkveitingar af hálfu Reykjavíkurborgar til nýbyggingar eða stórvæðilegra endurbóta á skátaheimilum sambandins á næstu 10 árum.

SSR shefur staðið við þetta ákvæði og nú 15 árum seinna teljum við að kominn sé tími til að skoða aftur húsnæðismál Reykjavíkurskóta.

Með vinsemd og virðingu.  
Skátakveðja,  
Hrönn Þormóðsdóttir, formaður SSR  
Þórhallur Helgason, félagsforingi Seguls

# FRAMTÍÐARSÝN SKÁTASAMBANDS REYKJAVÍKUR 2019 TIL 2024

## HLUTVERK


Skátasamband Reykjavíkur eru regnhilfarsamtök skátafélaga í Reykjavík.

## KJARNASTARFSEMI

Meginþættir í starfsemi sambandsins er að vera tengiliður skátafélaganna við Reykjavíkurborg, vera samstarfsvettvangur skátafélaganna í Reykjavík, veita félögnum ráðgjöf og stuðning, standa fyrir fjárföflun fyrir skátastarf í Reykjavík og aðstoða skátafélögin við að bjóða upp á æskulyfsstarf í háum gæðaflokki.

## FRAMTÍÐARSÝN

Árið 2024 hefur Skátasambandi Reykjavíkur tekist að fjölga bæði virkum skátum á þátttökualdri og fullorðnum sjálfbóðaliðum um 50% frá árinu 2019, ásamt því að bjóða upp á skátastarf í öllum borgarhlutum. Skátasambandið styður skátafélögin í borginni í að bjóða upp á gæðadagskrá í húsnæði og aðstöðu sem er örugg og býður upp á spennandi möguleika.



## GÆÐI Í DAGSKRÁ

Markmið SSR er að styðja skátafélögin í Reykjavík í að bjóða upp á dagskrá sem er spennandi, þroskandi, örugg og umhverfisvæn.

### Markmið SSR er:

- Að auka gæði og metnað í vikulegu fundastarfi.
- Að auðvelda skátafélögum, -sveitum og -floknum að fara í útleigur á eigin spýtur eða í samstarfi við önnur félög.



## FAGMENNSKA FULLORÐINNA

Markmið SSR er að skapa starfsumhverfi þar sem fullorðnir sjálfbóðaliðar blómstra, þroskast í hlutverki sínu og hljóta viðeigandi umbun.

### Markmið SSR er:

- Að auka áhuga sjálfbóðaliða í starfi og að þeir finni hvata til að halda áfram í starfi.
- Að veita fullorðnum í skátastarfi stuðning í formi þjálfunar og fræðslu eftir þörfum sem stjórn metur hverju sinni.
- Að bakland skátafélaga sé öflugt og með því að virkja foreldra og eldri skáta aukist fjöldi fullorðinna sjálfbóðaliða.



## NÝLIÐUN OG ÍMYND

Markmið SSR er að miðla upplýsingum á aðgengilegan máta og taka vel á móti nýliðum.

### Markmið SSR er:

- Að leggja sitt af mörkum til þess að ímynd skátastarfs endurspegli starfið og að skátar í Reykjavík séu til fyrirmynda í hugum almennings þegar kemur að faglegu, ævintýralegu og traustu æskulyfsstarfi.
- Að koma á traustu samstarfi við skóla í öllum hverfum með kynningarstarf og nýliðun sem leiðarljós.
- Að skátafélögin séu í stakk búin til að taka á móti öllum börnum og unglingum í skátastarfi og geti boðið þau velkomin, óháð fötlun, uppruna, kynhneigð, trú, efnahag eða öðrum þáttum.



## AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR

Markmið SSR er að bjóða upp á skátastarf í hentugu og spennandi umhverfi þar sem aðstoða er til fyrirmynda og öruggi frammurskrandi.

### Markmið SSR er:

- Að öll skátafélög í Reykjavík hafi aðgengi að viðeigandi, aðlaðandi og nútímalegu húsnæði sem uppfyllir öll helstu skilyrði um heilbrigði, öryggi og aðstöðu til skátastarfs.
- Að öll skátafélög hafi góða aðstöðu til iðkunar útivistar í kring um eða nálægt skátaheimili sínu.



## REKSTUR OG FJÁRMÁL

Markmið SSR er að styðja við félögin í að skapa tryggan rekstrargrundvöll fyrir skátastarf í Reykjavík, þar sem verklagi er faglegt og gagnsætt.

### Markmið SSR er:

- Að treysta fjárhagslegan grundvöll sambandsins með auknum styrkjum, fjárföflunum og samræmingu.
- Að hvert skátafélag hafi aðgang að hæfu starfsfólki sem hefur yfirsýn yfir störf félagsins, sinnir almennum skrifstoflustörfum og rekstri og styður við bakið á sveitarforingjum.

